

Námsáætlun skólaárið 2016-2017

Námsgrein: Enska

5. bekkur

3 kennslustundir á viku

Áfangalýsing				
Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og mikilvægt að hafa gott vald á henni. Eitt helsta markmið byrjendakennslu í ensku er að vekja áhuga nemenda á tungumálinu. Miðað er við að nemendur í 5. bekk geti skilið einfalt talað mál um efni sem varðar hann sjálfan. Hann á að geta tjáð sig í einföldum setningum um málefni daglegs lífs s.s. um sjálfan sig, heimili, fjölskyldu, fatnað, mat, áhugamál og fleira. Nemendur fá þjálfun í að tala sjálfir, hlusta á hvorn annan, þýða og glósa til að bæta við orðaforðann. Þeir eiga að geta sett saman stuttar og vel skiljanlegar setningar bæði í rituðu og töluðu máli.				
Námsgrein	Hæfniviðmið	Námsefni	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Hlustun	Að nemendur -skilji stutt samtöl um efni sem tengjast daglegu lífi -skilji einfaldar leiðbeiningar og tilkynningar með stuðningi af myndum -geti hlustað og skilið samtöl sem fram fara innan skólastofunnar um námsefnið og daglegt líf -geti hlustað á sunginn texta með nokkrum skilningi	Hlustunarefni sem fylgir <i>Speak Out</i> og <i>Work Out</i>. Söngtextar við þekkt lög. Ótextaðar myndir/þættir og/eða með enskum texta.	Hlustun af disk. Samlestur og paravinna – upplestur í misstórum hópum. DVD – enskur texti og tal.	Spurningar úr upplestri – símat. Söngtextar eyðufylling.
Les-skilningur	Að nemendur -geti lesið stutta einfalda texta og skilið megininnihald þeirra -geti fundið og nýtt sér afmarkaðar upplýsingar úr lengri texta t.d. við verkefnavinnu -geti lesið sér til gamans í auðlesnum bókum.	<i>Speak Out</i> <i>A Year of Fun</i> og fleiri bækur í Portfolio bókaflöknum eftir virkni og áhuga hvers og eins. <i>Hickory</i> (Samþætt með samfélagsfræði af vefnum http://www.bbc.co.uk/schools/primaryhistory/romans/)	Samlestur og paravinna. Lestur á léttum sögubókum.	Vinnubók með <i>A year of Fun</i> og <i>Speak Out</i>.
Talað mál	Að nemendur -geti tjáð sig og sagt frá atburðum og skoðunum sínum í einföldum setningum -geti flutt einfalda, áður undirbúna kynningu fyrir félagana -geti kynnt sig og fjölskyldu sína	Hlustunarefni með námsefninu.	Samtöl í tímum.	Virkni metin.
Ritun	Að nemendur -Geti þýtt einfaldan texta úr íslensku yfir á ensku	<i>Málfræðihefti A</i>. Stílar og ýmis verkefni frá	Glósur.	Kannanir í málfræði.

	-geti notað orðaforðann sem lagður er til grundavallar í kennslu- bókunum við einfalda ritun -geti samið og skrifað stuttan texta um sig sjálfan	kennara.		Mat á stílum og öðrum verkefnum.
Menningar- læsi	Að nemendur -þekki til mismunandi menningar þar sem enska er töluð fái innsýn í hátíðahöld hjá nokkrum enskumælandi þjóðum -kynnist að framburður og notkun tungumálsins er misjafn eftir löndum og menningarsvæðum	<i>A Year of Fun</i>		
Kennari, netfang				
Hrönn Bessadóttir hronnbessa@akmennt.is				